

Horses of Iceland – samstarfssamningur

UM VERKEFNIÐ

Markmiðið er að styrkja ímynd íslenska hestins með markaðsetningu og samþættu kynningarstarfi. Áherslan verður á verðmætasköpun og auknar gjaldeyristekjur af greininni.

Um er að ræða markaðssamstarf sem nýtist heildarhagsmunum í að byggja upp orðspor íslenska hestsins til að leggja grunn að auknum gjaldeyristekjum af sölu á hestinum, vörum og þjónustu. Fylgt verður þeirri meginstefnu sem mótuð hefur verið og allir geta kynnt sér. Samstarfið mun tryggja samræmd skilaboð, meiri slagkraft og fókus í kynningunni með langtímasjónarmið að leiðarljósi. Lögð verður áhersla á notkun stafrænnar miðlunar á vef og samfélagsmiðum, almannatengsl og kynningarefni sem byggir á grunnstoðum verkefnisins.

Þá mun verða lögð áhersla á samlegð í kynningarstarfi við aðrar greinar, s.s. ferðaþjónustu í markaðsverkefninu *Inspired by Iceland* og við kynningu á íslenskri menningu.

Að verkefninu standa matvælaráðuneytið, Íslandsstofa, deild hrossabænda í BÍ, Landssamband hestamannafélaga, Samtök ferðaþjónustunnar, Félag tanningamanna og útflytjendur íslenska hestsins.

Ríkisstjórnin leggur fram allt að 25 milljónir króna í fjögur ár í verkefnið gegn sama framlagi frá fyrirtækjum, félögum og hagsmunaaðilum. Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfé markaðssamstarfsins verði allt að 50 milljónir króna árlega og verður því fé ráðstafað samkvæmt verkefnaáætlun sem verkefnisstjórn samþykkir.

ÞÁTTAKENDUR OG ÁVINNINGUR AF ÞÁTTTÖKU Í VERKEFNINU

Aðilum sem rækta íslenska hestinn, framleiða hestavörur eða selja þjónustu tengda hestinum býðst að taka þátt í verkefninu sem og samtök þessara aðila. Einnig geta aðrir sem eru tilbúnir að taka þátt í verkefninu fjárhagslega, s.s. þjónustuaðilar, birgjar og stofnanir eða félög, gerst aðilar að verkefninu.

Ávinningur þátttakenda felst í eftirfarandi:

- Þátttaka í ráðgjafaráði sem fundar árlega til rýna stefnu og móta áherslur í markaðsaðgerðum
- Tækifæri til að taka þátt í að móta áherslur í markaðsmálum
- Upplýsingar um allar markaðsaðgerðir, niðurstöður rannsókna og ýmis fræðsla
- Tengslamyndun við þátttakendur
- Sýnileiki og upplýsingar um þáttakanda, m.a. með lógó viðkomandi á vefsíðu verkefnisins og tengill á vefsíðu þátttakanda, sýnileiki á viðburðum, upplýsingaefni í fjölmiðlapakka sem dreift er til blaðamanna sem koma til landsins í tengslum við verkefnið og kynning með beinum markpósti
- Möguleiki að tengjast markaðsaðgerðum og viðburðum
- Leyfi til að nýta einkenni verkefnisins (*Horses of Iceland – færir þig nær náttúrunni*) á vefsíðu þátttakanda með tengingu inn á vefsíðu verkefnisins
- Önnur tækifæri verða þróuð í samráði við þátttakendur

Þátttakendur staðfesta þátttöku og samþykkja skilmála verkefnisins með undirskrift sinni. Greiðslur fara fram árlega í tvennu lagi í júní og nóvember ár hvert.

STAÐFESTING UM ÞÁTTTÖKU Í VERKEFNINU:

Fyrirtæki/félag: _____ Kt : _____

Tengiliður/ábyrgðaraðili: _____ Tölvupóstfang: _____

Heimilisfang: _____

Sími: _____ GSM: _____ Vefsíða: _____

Með undirritun minni staðfesti ég þátttöku í markaðssamstarfi um kynningu á íslenska hestinum með _____ kr. fjárframlagi á ári. Samningurinn er gerður til ____ ára.

Undirskrift / Dagsetning

Sendið undirritaða yfirlýsingu á:

Íslandsstofu / Horses of Iceland

Jelena Ohm

jelena@islandsstofa.is

sími 511 4000